

22. stjórnarfundur Arnardrangs hses

7.4.2025

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Sandra Sigurðardóttir (varamaður fyrir Ásu Valdísi Árnadóttur).

Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Bókun og fyrirspurn frá Hrunamannahreppi vegna Nauthaga 2

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 20. febrúar sl. var fjallað um síðustu fundargerð stjórnarfundar Arnardrangs og var lögð fram eftirfarandi bókun og fyrirspurn til stjórnar Arnardrangs er varðar sölu á Nauthaga 2:

Sveitarstjórn undrast þá ávörðun stjórnar að eign Arnardrangs hses að Nauthaga á Selfossi verði seld til Brákar íbúðarfélags hses sérstaklega í ljósi þess að málið var rætt á fundi eigenda Arnardrangs hses án niðurstöðu eftir miklar umræður. Þann 10. desember 2024 stóð til að halda aukaársþing Arnardrangs hses til þess að ræða betur um þetta mál. Þeim fundi var, skv. tölvupósti frá framkvæmdastjóra, frestað eftir að forsvarsmenn Arnardrangs hses höfðu ráðfært sig við lögmann. Síðan hefur enginn fundur verið boðaður með aðildarsveitarfélögum til að ræða frekar um mögulega sölu á Arnardrangi hses eða eignum í eigu félagsins.

Sveitarstjórn óskar frekari skýringa hjá stjórn Arnardrangs hses vegna málsins þar sem með þessum gjörning virðist sem verið sé að leggja niður byggðasamlag eða rekstur þess án þess að fyrir liggji samþykkt sveitarfélaganna sem að því standa.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Stjórn Arnardrangs fjallaði um málið og bókaði eftirfarandi svar við framangreindi fyrirspurn:

Salan á Nauthaga 2 var samþykkt á fundi stjórnar eftir ítarlega skoðun á málinu. Helstu forsendur fyrir sölunni eru eftirfarandi:

- *Rekstrarkostnaður Arnardrangs: Áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður Arnardrangs við að eiga eignina áfram í félaginu er um 3,9-5,1 mkr á ári sem stofnendur Arnardrangs þurfa að leggja félaginu til árlega. Það er því umtalsverður sparnaður fyrir stofnsveitarfélög að selja eignina.*

- *Kaupandi eignarinnar: Kaupandi er Brák íbúðafélag hses. sem er alveg eins félag og Arnardrangur en töluvert stærra og nær því fram ákveðinni stærðarhagkvæmni sem Arnardrangur mun aldrei ná. Brák var stofnað af sveitarfélögum á landsbyggðinni alveg eins og Arnardrangur og er markmið þeirra að ná fram meiri stærðarhagkvæmni en annars næðist í minni, sambærilegum félögum eins og Arnardrangur er. Brák var því stofnað af sveitarfélögum m.a. til að ekki væri þörf á stökum félögum eins og Arnardrangi.*
- *Fulltrúaráð: Verði eignin áfram hjá Arnardrangi þarf að stofna sérstakt sex manna fulltrúaráð til hliðar við stjórn en þess þarf ekki verði eignin seld. Það flækir stjórnsýslu félagsins að hafa fulltrúaráð um eina eign.*
- *Einföldun fyrir sveitarfélög: Það er til einföldunar fyrir stofnsveitarfélög að fækka félögum, bæði fyrir þau stofnsveitarfélög sem eru þegar aðilar að Brák og einnig fyrir hin sveitarfélögin sem eru það ekki. Nú þegar er meirihluti stofnsveitarfélaga Arnardrangs aðilar að Brák og fjölgar brátt enn frekar í þeim hópi og eru því mörg sveitarfélög, þar á meðal Hrunamannahreppur, með aðild að tveimur eins félögum sem sinna nákvæmlega sama hlutverki.*
- *Ákvörðunarvald Bergrisans yfir þjónustu í Nauthaga: Ákvörðunarvald Bergrisans mun ekki minnka þó eignarhald Nauthaga flytjist til Brákar. Áfram verður forræði þjónustu og biðlista á höndum Bergrisans.*
- *Áhrif á leigjendur: Áhrifin eru lítil sem engin, Brák er með sama félagafarm og Arnardrangur og er stofnað að hluta til af sömu aðilum og Arnardrangur (sveitarfélög á landsbyggðinni). Þá verða samskipti leigjenda áfram beint við þjónustuaðila í húsinu óháð eignarhaldi.*

Rétt er að það stóð til að halda aukaársfund Arnardrangs þann 10. desember sl. en eftir að forsvarsmenn Arnardrangs höfðu ráðfært sig við lögmann var ljóst að slíkur fundur var í raun umboðslaus. Ákvörðunarvald um söluna er í höndum stjórnar en ekki ársfundar skv. samþykktum og lögum og ákvað stjórnin því að taka málið upp á stjórnarfundi og afgreiða málið.

Þá er rétt að taka fram að ekki er verið að leggja félagið niður heldur einungis verið að ná fram einföldun og hagræðingu í rekstri að sinni. Samþykki stofnsveitarfélaga sem og samþykki ráðherra þarf við slit félagsins.

Er það því mat stjórnar að skynsamlegt sé, með hliðsjón af bæði hagræði og einföldun á stjórnsýslu, að selja Nauthaga 2 yfir til Brákar.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 13:29

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Bragi Bjarnason

Sandra Sigurðardóttir